

Snæfellsbær
Klettsbúð 4, Hellissandi
360 SNÆFELLSBÆR

Garðabær, 10. ágúst 2023
Málsnúmer: 202308-0002
SS

Efni: Umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir Stóra-Kamb í Snæfellsbæ.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgátt, dags. 28. Júlí 2023, þar sem skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag frístundabyggðar við Stóra-Kamb í Snæfellsbæ.

Um er að ræða deiliskipulag fyrir mannvirkjauppbyggingu á jörðinni Stóra-Kamb þar sem rekin er ferðapjónusta. Stefnt er að tölverðri uppbyggingu á jörðinni eða að reisa allt að 11 gistihús/bústaðir (hver byggingarreitur 200 m²), aðkomuvegi að þeim og þrjú bílastæði. Einnig verður svæði fyrir tjaldvagna, tvö leiksvæði og fleiri innviðir. Einnig eru heimildir fyrir lítils háttar stækkun á núverandi byggingum, bæði íbúðar- og útihúsum. Þörf er á að bora eftir meira neysluvatni og gert er ráð fyrir nýjum rotþróum.

Uppbyggingin mun valda raski á gróðurlendi en fyrst og fremst er um ræktuð tún að ræða og því verður ekki rask á vistgerðum með hátt verndargildi. Þó þarf að tryggja að forðast allt óþarfa rask á gróðurþekju. Aukin umferð fólks um svæðið getur haft áhrif á lífríki t.d. fuglalífi, á votlendissvæðum sunnan við deiliskipulagssvæðið og mikilvægt er að gefa því gaum.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

